



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

579. stjórnarfundur þriðjudaginn 15. febrúar 2022 kl. 18:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Afrit af tölvupósti frá foreldri til fimleikadeildar.

Afrit af tölvupósti til Hafþórs Barða Birgissonar íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar frá Sigurði Garðarssyni formanni knattspyrnudeildar vegna Iðavalla 7.

Tölvupóstur frá ÍSÍ. Svarbréf við erindi Keflavíkur vegna aðkomu ríkisins til handa íþróttafélögunum í landinu með fjárstuðning.

Tölvupóstur frá Bjarna í Sessor ráðgjafa.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar vegna erindis körfuknattleiksdeildar vegna bókunar íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar og bæjarstjórnar.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar með bókun íþrótt- og tómstundaráðs og bæjarstjórnar vegna samstarfssamnings Reykjanesbæjar og knattspyrnudeildar vegna reksturs og umhirðu knattspyrnusvæða.

Fréttabréf UMFÍ, slakað á sóttvarnaraðgerðum, nýr fjármálastjóri UMFÍ, unglíngalandsmót á Selfossi um verslunarmannhelgina, slöbbum saman og Skinfaxi.

Fundargerð körfuknattleiksdeildar.

Erindi frá stjórn málaafliinu Bein Leið um að leigja Hringbraut 108 eftir páska og fram að kosningum. **Samþykkt að leigja húsnæðið stjórn málaafliinu Beinni leið.**

**Framkvæmdastjóra falið að gera leigusamning. (Birgir Már Bragason vék af fundi meðan umræður og ákvörðun var tekin).**

Tölvupóstur frá Friðjóni Einarssyni um að leigja Hringbraut 108 í einn mánuð fram að kosningum eða til 14. maí.

### 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Bréf sent á Hafþór Barða Birgisson vegna niðurfellingar á fasteignagjöldum af Hringbraut 108.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins

Aðalfundatími deilda hefur raskast þó nokkuð. Tveir fundir eru afstaðnir, skot- og badmintondeild. Ekki urðu neinar breytingar á stjórn og staðan góð. Aðrir fundir verða í febrúar og má sjá fundatíma á heimasíðu Keflavíkur.

Aðalfundur Keflavíkur verður mánudaginn 28. febrúar kl. 19:00. Farið yfir skýrslu stjórnar og reikningar undirritaðir af stjórnarmönnum.

Allir stjórnarmenn hafa gefið kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn. Farið var yfir dagskrá aðalfundarins.



**5. Starf íþróttafulltrúa Keflavíkur**

**A.** Umræða um heimsókn til deilda. Ákveðið að finna tíma eftir aðalfund.

**B.** Umræða um stöðu íþróttastjóra.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 1. mars 2022

Fundi slitið kl. 19:45

Fundinn ritaði Eva Björk